8.3 Skuldir við hlutdeildarfélög
8.4 Reiknaðir skattar
8.5 Skuldir við lánastofnanir
8.6 Aðrar skuldir

9. *Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur*
Skuldir samtals
Skuldir og eigið fé samtals

Nr. 103 22. janúar 2004

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld byggingarfulltrúa á Austur-Héraði.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa á Austur-Héraði, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

A. *Gatnagerðargjald,* þó einungis ef um er að ræða lóð í skipulögðu þéttbýli og/eða innan þéttbýlismarka skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 sem liggur auk þess að götu, vegi eða stíg sem er í eigu sveitarfélagsins.
B. *Byggingarleyfisgjald.*
C. *Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Framangreind gjöld eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf.

Gatnagerðargjald.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Tekjur sveitarfélagsins vegna byggingarleyfisgjalds skv. 1. gr. skulu standa undir þeim kostnaði sem tilgreindur er í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Útreikningur gatnagerðargjalds.

3. gr.

Gatnagerðargjald er reiknað út frá eftirfarandi forsendum (svæðaskipting samkvæmt aðalskipulagi):

3.a: Íbúðasvæði – einbýlishúsalóðir á Hallormsstað og Eiðum:
Kr. 1.300 pr. m^2 lóðar og kr. 1.700 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.b: Íbúðasvæði – einbýlishúsalóðir á Egilsstöðum:
Kr. 1.700 pr. m^2 lóðar og kr. 1.700 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.c: Íbúðasvæði – parhúsa- og raðhúsalóðir:
Kr. 1.550 pr. m^2 lóðar og kr. 1.550 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.

3.d: Íbúðasvæði – fjölbýlishúsalóðir:
Kr. 1.300 pr. m^2 lóðar og kr. 1.300 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.e: Athafnasvæði, iðnaðarsvæði og hafnarsvæði:
Kr. 1.425 pr. m^2 lóðar og kr. 700 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.f: Miðsvæði, verslunar- og þjónustusvæði:
Kr. 1.950 pr. m^2 lóðar og kr. 1.950 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.g: Svæði fyrir þjónustustofnanir:
Kr. 1.950 pr. m^2 lóðar og kr. 1.950 pr. m^2 brúttógólfflatarmáls húss.
3.h: Lóðir á öðrum svæðum, svo sem hesthúsalóðir, lóðir fyrir spennistöðvar, dælustöðvar o.þ.h. sem liggja að gatnakerfi í eigu Austur-Héraðs:
Kr. 650 pr. m^2 lóðar.

Við úthlutun lóðar skal reikna út þann hluta gatnagerðargjalds sem byggir á stærð lóðar og tilkynna lóðarhafa. Þegar teikningar að nýbyggingu eru samþykktar skal til viðbótar, reikna út þann hluta gatnagerðargjalds sem byggir á flatarmáli húss og tilkynna lóðarhafa.

Við útgáfu byggingarleyfis vegna viðbygginga eða stækkunar húsa eða mannvirkja, skal greiða gatnagerðargjald í samræmi við stækkunina eftir því sem við á. Sama gildir ef lóð er stækkuð.

Gjalddagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

1. Við úthlutun lóðar: 30% af lóðarhluta gatnagerðargjalds
2. Við útgáfu byggingarleyfis, en þó ekki síðar en 8 mánuðum eftir að lóð er úthlutað: 25% af lóðarhluta gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
3. Við útgáfu fokheldisvottorðs: 25% af lóðarhluta gatnagerðargjalds og 50% af byggingarhluta gatnagerðargjalds.
4. Innan eins árs frá útgáfu fokheldisvottorðs: 20% af lóðarhluta gatnagerðargjalds

Greiðsla gatnagerðargjalds skv. 1. tl. skal innt af hendi innan fjögurra vikna frá því að lóðarúthlutun er tilkynnt, - ella fellur úthlutunin úr gildi án viðvörunar.

Bæjarstjórn getur frestað innheimtu greiðslu hluta gatnagerðargjalds, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fokhelt.

Byggingarleyfisgjald.

4. gr.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfisgjald er grunngjald, að viðbættu gjaldi pr. m^3 byggingar. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m^2 eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit, eftir því sem við á.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

	Tegund byggingar / framkvæmdar	Grunn gjald kr.	m^3-gjald kr.	Athugasemdir
A	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli, stærri en 7 m^2	22.000	160	
B	Byggingar á athafnasvæðum og iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum	45.000	90	
C	Byggingar á verslunarsvæðum og miðsvæðum	65.000	160	Rúmmetragjald pr. m^3 upp að 1.000 m^3.
D	Byggingar á svæðum fyrir opinberar stofnanir	65.000	160	Rúmmetragjald pr. m^3 upp að 1.000 m^3.
E	Byggingar á svæðum fyrir frístundahús	5.000	30	
F	Byggingar á landbúnaðarsvæðum, aðrar en íbúðarhús og hús til gistireksturs	5.000	30	Rúmmetragjald pr. m^3 upp að 1.000 m^3.
G	Byggingarleyfi vegna sólpalla, loftneta, girðinga, minni háttar breytingar á húsnæði o.þ.h.	5.000	0	
H	Gjald vegna leyfisskylds niðurrifs mannvirkja	10.000	0	
I	Endurnýjun byggingarleyfis (óbreytt endurnýjun)	10.000	0	

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

5. gr.

	Tegund þjónustu:	Gjald, kr.	Athugasemdir
1	Útgáfa stöðuleyfis	8.000	Eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h.
2	Lóðarúthlutunargjald	20.000	Greiðist við úthlutun lóðar og er óendurkræft, þó úthlutun gangi til baka
3	Fokheldisvottorð	8.000	
4	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	12.000	
5	Lokavottorð og lokaúttekt	15.000	
6	Eignaskiptayfirlýsingar	5.000	
7	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	12.000	
8	Endurskoðun aðaluppdrátta	8.000	
9	Gerð stofnskjals vegna lóða	5.000	Þegar hús er fokhelt. Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala
10	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	4.000	

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2004 (287,8 stig). Endurreikna skal gjöldin í upphafi hvers almanaksárs, á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar í janúar og gilda þau til loka viðkomandi árs

Gjöld samkvæmt 1. gr. eru, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt graftrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu. Sé byggingarleyfi afturkallað vegna atriða er ekki varða lóðarhafa gilda ákvæði 5. mgr. 8. gr. varðandi endurgreiðslu kostnaðar til lóðarhafa. Þó skal hönnunarkostnaður vegna byggingar og rannsóknarkostnaður á lóðinni ekki endurgreiddur.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Austur-Hérað skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

Heimildarákvæði.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægra gatnagerðargjaldi en 3. gr. mælir fyrir um, ef fyrir liggja sérstakar aðstæður sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

Þá er bæjarstjórn heimilt að undanþiggja einstök hverfi, götur eða landsvæði ákvæðum 3. gr. að öllu leyti, ef um er að ræða að einn og sami framkvæmdaraðili taki að sér að byggja öll mannvirki á svæðinu og ganga að fullu frá götum, bifreiðastæðum, opnum svæðum o.s.frv. Í slíkum tilfellum skal framkvæmdaraðili greiða sveitarsjóði sem nemur að minnsta kosti 15% af útreiknuðu samanlögðu gatnagerðargjaldi til að standa straum af kostnaði við tengigötur. Bæjarsjóður skal eftir sem áður yfirtaka til rekstrar þær götur sem byggðar eru með framangreindum hætti.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Egilsstöðum verið greiddur fyrir 1. febrúar 2003, skal miða útreikning gatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði auglýsingar um gatnagerðargjöld á Egilsstöðum, sem samþykkt var af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar 19. júní 1997.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Egilsstöðum verið greiddur á tímabilinu frá 1. febrúar 2003 og fram að gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning gatnagerðargjalds og gjalddaga, við samþykkt um það efni nr. 101/2003.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Austur-Héraðs 21. janúar 2004, tekur gildi frá og með 1. mars 2004, og fellur þá úr gildi samþykkt nr. 101 /2003 um sama efni.

Egilsstöðum, 22. janúar 2004.

Þórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

Nr. 104 23. janúar 2004

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, aukavatnsgjald, mælaleigu og stofngjald vatnsveitu á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem tengd er vatnsveitu í eigu Austur-Héraðs, ber að greiða vatnsgjald til sveitarsjóðs.

Vatnsveitur Austur-Héraðs eru á Egilsstöðum, á Eiðum og á Hallormsstað.

Vatnsgjald skal innheimta með fasteignagjöldum.

Vatnsgjald er 0,22% af afskrifuðu endurstofnverði húss og mannvirkis margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 (sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991).

2. gr.

Aukavatnsgjald skal innheimta af öllum þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. 1. gr. gjaldskrár þessarar og nota vatn til annarra þarfa en heimilisþarfa, sbr. 8. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Aukavatnsgjald er kr. 20 pr. m^3 vatns, samkvæmt magnmæli sem notandi leigir af vatnsveitu Austur-Héraðs.

3. gr.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu greiða árlega leigu fyrir magnmæla vatns sem hér segir:

25 mm	lögn eða minni	kr.	3.000 á ári
32 mm	lögn	kr.	5.000 á ári
40 mm	lögn	kr.	6.000 á ári
50 mm	lögn	kr.	8.000 á ári
75 mm	lögn	kr.	24.000 á ári
>75 mm	lögn	kr.	30.000 á ári

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við vatnsveitur í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald vatnsveitu skal vera sem hér segir: